

Nefndasvið Alþingis

b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is



Reykjavík, 25. nóvember 2019

Efni: Afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa (313. mál – 150. lþ.)

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald nr. 138/2013, er varðar afnám stimpilgjalds af skjölum við eignaryfirfærslu skipa.

Samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs ræðst af þeim kostnaði sem hann þarf að standa undir. Því meiri kostnaður, sérstaklega innanlands, mun draga úr samkeppnishæfni hans. Rétt er að hafa í huga að 98% af íslensku sjávarfangi er selt á alþjóðlegum markaði þar sem samkeppnin er afar hörð. Þar er hin eiginlega víglína íslensks sjávarútvegs dregin.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að afnema stimpilgjald af skjölum varðandi eignayfirfærslu á skipum. Í dag eru skip einu atvinnutækin sem bera slíkt gjald og er gjaldið 1,6% af verðmæti fiskiskips lagt á við skráningu fiskiskips í íslenska skipaskrá og einnig þegar fiskiskip er afskráð. Að mati samtakana er atvinnugreinum þannig mismunad með opinberum aðgerðum. Æskilegt er að öll atvinnutæki séu undanþegin greiðslu stimpilgjalds og þannig háð sömu leikreglum og jöfnum tækifærum að nýta atvinnutækin. Engin málefnaleg rök eru fyrir því að aðrar reglur gildi um skip en t.d. flugvélar, jarðbora eða önnur þungavinnutæki. Þá taka samtökin undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu: „...með vísan til sjónarmiða um jafnræði atvinnugreina er talið rétt að ekki verði lengur innheimt stimpilgjald vegna skjala er varðar eignayfirfærslu skipa yfir fimm brúttótonnum. Slík breyting er jafnframt í samræmi við það regluverk sem fyrirfinnst á Norðurlöndunum varðandi stimpilgjald, en þar takmarkast stimpilgjald almennt við fasteignaviðskipti.“

Mikilvægt er að heimatilbúnaðar hindranir dragi ekki mátt úr íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem eiga í harðri samkeppni á alþjóðlegum markaði. Stjórnvöld eru hvött til þess að gæta að samkeppnishæfni íslenskra útflutningsfyrirtækja því að í þeim efnum er hægara að styðja en reisa.


Þá vilja samtökin koma því á framfæri að staða íslenskra sjómanna mun ekki breytast ef frumvarpið verður að lögum. Í 5. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða kemur fram að „...við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá [Samgöngustofu] eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum.“ Til þess að geta starfað um borð í íslensku skipi þurfa skipverjar ávallt að vera lögskráðir, sbr. lög um lögskráningu sjómanna nr. 35/2010. Um alla sjómenn á íslenskum skipum gilda jafnframt sjómanna lög nr. 35/1985 og þar segir m.a. að um vinnu skipverja fer sem segir í



sjómanna­lögum og eftir atvikum í kjarasamningum. Breyting sú sem kynnt í fyrirliggjandi frumvarpi hefur engin áhrif á fyrrgreinda stöðu.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum, ef tilefni er til.

Virðingarfyllst,
f.h. SFS



Heiðrún Lind Marteinsdóttir

